

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 101 11. febrúar 1985, um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fyrir vinnsluleyfi til fiskvinnslustöðva samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal greiða gjald eins og hér segir:

1. Grásleppustöðvar	500 krónur.
2. Saltfisk- og skreiðarstöðvar	1 500 krónur.
3. Síldarverkunarstöðvar	2 000 krónur.
4. Frystihús, þ. m. t. skelfiskvinnslustöðvar	2 500 krónur.

2. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 53 30. maí 1984 og öðlast reglugerð þessi þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. september 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

Nr. 361

20. september 1985

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8/1982 um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. auglýsingarinnar:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
65.06.01	Öryggishjálmar fyrir þyrluflugmenn.
84.22.12	Björgunarvindur sérstaklega útbúnar til notkunar í þyrlum.
90.05.00	Snúðustýrðir sjónaukar til notkunar í þyrlum og flugvélum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1985.

Albert Guðmundsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.